



**Varðandi:** Ferðamál á Akranesi  
**Málsnúmer:** 1506116  
**Dagsetning:** 17. ágúst 2016

---

#### **TILLAGA:**

Bæjarráð samþykkir að Akranesviti verði opin í tilraunaskyni tímabilið 1. september 2016 til 31. desember 2017 eins og hér segir:

- Frá 16. september til 30. apríl verði opið frá þriðjudegi til laugardags frá kl. 11-17.00.
- Frá 1. maí til 15. september verði opið alla daga frá kl. 11-18.00.

Bæjarráð samþykkir einnig að sameina rekstur upplýsingamiðstöðvarinnar á Akranesi, sem hefur verið starfrækt yfir sumartímann í Landsbankahúsinu og upplýsingamiðlun í Akranesvita og reka sameiginlega upplýsingamiðlun í Akranesvita sem verði opin allt árið.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að undirbúa verkefnið í samráði við starfsmann í Akranesvita og í samræmi við fjárhagsáætlun málaflokksins en gert er ráð fyrir tilfærslu á milli liða þannig að verkefnið leiði ekki til kostnaðarauka. Ennfremur felur bæjarráð bæjarstjóra að undirbúa gjaldskrá fyrir móttöku hópa og leiðsögn í Akranesvita.

---

#### **GREINARGERÐ:**

Akranesviti var fyrst opnaður almenningi vorið 2012 og er í dag orðin ein eftirsóttasta náttúruperla Akraness. Fjöldi ferðamanna kemur á Akranes til þess að heimsækja vitann. Þá er vitinn einnig orðinn vinsæll áfangastaður hjá ferðapjónustufyrirtækjum en þrír aðilar hafa sýnt áhuga á að koma með hópa í skipulagðar ferðir í vetur. Svæðið hefur einnig tekið breytingum en fyrirtækið Landslag ehf. hannaði svæðið í samstarfi við Akraneskaupstað og hafa verið lagðar 40 milljónir í uppbygginguna síðastliðin ár.

Til stendur að setja upp salernishús við vitann og hefur það þegar verið pantað og verður sett upp á haustmánuðum. Einnig er í bígerð að stækka bílastæði o.fl. Á samráðsfundi sem haldinn var með ferðapjónustuaðilum á Akranesi síðastliðið vor kom fram að eigendur gistihúsa og

matsölustaða töldu mikilvægasta framlag Akraneskaupstaðar í þágu ferðaþjónustu í bænum að halda Akranesvita opnum allt árið um kring.

Akraneskaupstaður hefur frá árinu 2014 greitt Hilmar Sigvaldasyni fasta upphæð mánaðarlega (frá september til maí) fyrir móttöku gesta í Akranesvita og sumrin 2015 og 2016 hefur Hilmar verið á launaskrá tímabilið 1. júní til 1. september ásamt því að starfsfólk upplýsingamiðstöðvar og tjaldsvæðis hefur tekið aukavaktir þar um helgar. Samkvæmt tillögnum munu verkefni Hilmars áfram felast í móttöku ferðamanna og hópa í Akranesvita en auk þess verði unnið að markaðssetningu á vitanum með markvissri dreifingu bæklinga til ferðaþjónustuaðila, á hótél og aðra viðkomustaði ferðamanna. Þá hafi starfsmaður umsjón með ýmsum viðburðum í vitanum m.a. tónleika og listsýningar í samráði við forstöðumann menningar- og safnamála. Lagt er til að sérstakt vaktafyrirkomulag taki gildi á sumrin með sumarstarfsmönnum og vaktir sameinaðar í Akranesvita og á tjaldsvæðinu.

Fjöldatölur sumarsins 2016 sýna töluverða aukningu ferðamanna á Akranesi. Til að mynda er aukning gesta á tjaldsvæðinu um 37% og í upplýsingamiðstöð um 31%, og enn er u.þ.b. mánuður eftir af hefðbundnum opnunartíma. Gestir í Akranesvita voru árið 2015 alls 9.600 talsins og í lok júlí árið 2016 eru þeir orðnir 7.800. Miðað við þessar tölur er einnig mikilvægt að auka viðveru á tjaldsvæðinu sumarið 2017. Síðastliðin ár hefur upplýsingamiðstöðin á Akranesi verið rekin í gamla Landsbankahúsinu og hefur opnunartími hennar verið frá miðjum maí fram í miðjan september. Í þessari tillögu er lagt til að sameina rekstur Akranesvita og upplýsingamiðstöðvar og reka fyrrgreindar starfsstöðvar sameiginlega í vitanum. Þar til viðbótar væri gert ráð fyrir að setja upp standa með upplýsingaefni fyrir ferðamenn á fleiri stöðum í bænum, svo sem í sundlauginni að Jaðarsbökkum og bókasafninu en fyrir eru upplýsingastandar á byggðasafninu og tjaldsvæðinu. Ennfremur að auka rafræna upplýsingagjöf m.a. með þráðlausu neti á helstu stöðum bæjarins, svo sem á Langasandi, tjaldsvæðinu, í Akranesvita og á Akratorgi.

Með vísan til framanritaðs gerir bærarstjóri ofangreinda tillögu.

  
Regína Ásvaldsdóttir  
bærarstjóri